



FERLAUFUNGUR

Fréttabréf flóruvina

Áhugamannahóps um verndun og rannsóknir á íslensku flórunni

Sumarið 1999

Nú er að kveðja eitt sumarið enn, mikið góðviðrissumar með stillur og bjartviðri langt fram í október. Að vísu berast þær fregnir að það hafi verið heldur í votara lagi þrátt fyrir hlýindi á sunnanverðu landinu. En veðrið getur nú ekki verið alls staðar eins, enda væri það tæplega eftir-sóknarvert.

Nú þegar hafa mér borizt nokkrar upplýsingar frá flóruvinum um plöntur sem orðið hafa á vegi þeirra í sumar, bæði í pósti, á formi tölvuskeyta og í síma.

Nú langar mig að biðja alla þá, sem safnað hafa upplýsingum í sumar, að ganga frá þeim og senda sem fyrst, því nú stendur til að vinna fljótlega úr öllum fyrirbyggjandi upplýsingum frá síðustu 2-3 árum, og gera ný útbreiðslukort í vetur. Þá væri að sjálfsögðu æskilegt, að sem mest af upplýsingum flóruvina komist með. Mér er ekki grunlaust um, að sumir lumi á meiri upplýsingum en þeir koma í verk að senda.

Ég vil minna sérstaklega á að fylla út spjaldhausinn með staðsetningu, tíma og umfram allt nafni þess sem skráir. Nú þegar sit ég uppi með tvö nafnlaus spjöld, en allar færslur í gagnagrunninn eru skráðar á nafn heimildarmanns. Gætið þess að merkingar séu skýrar, notið t.d. vænan kross yfir reitinn framan við nöfnin, eða dragið hring utan um þau. Sendið spjöldin í pósti en ekki í faxi, því merkingarnar geta þá orðið óskýrar, jafnvel ólæsi- legar.

Auk spjaldanna má að sjálfsögðu einnig senda upplýsingar um einstakar plöntur hvort heldur er í pósti, með tölvuskeyti eða símtali. Einnig má senda þurrkaðar plöntur eða plöntuhluta til greiningar, ef vandamál koma upp á því sviði.

Vefsíða um flóru Íslands

Eins og áður hefur komið fram, var síðastliðið vor opnuð vefsíða sem helguð er flóru Íslands. Hún er vistuð á heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands. Slóðin er www.ni.is/flora og til að komast inn á hana þarf að gefa upp Florvin sem notendanafn og Agrostis sem lykilorð.

Á vefsíðunni er að finna útbreiðslukort flestra íslenskra blómplantna og byrkn- inga. Þau eru gerð eftir stöðu gagna- grunnsins eftir sumarið 1997. Einnig eru á vefsíðunni myndir af flestum þessara plantna. Settar hafa verið inn svipaðar upplýsingar um nokkra sveppi, fléttur og mosa.

Nú í haust hefur vefsíðan verið endurbætt töluvert. Í fyrsta lagi var skipt um röð á myndum og kortum, þannig að nú opnast útbreiðslukortin fyrst, og fyrir neðan þau eru þumlungur sem smellt er á er menn vilja skoða myndirnar. Þannig er síðan mun fljótari upp á skjáinn.

Myndum hefur verið bætt við fleiri tegundir, og verður áfram haldið við það. Síðar í vetur verður svo smátt og smátt bætt við fleiri tegundum af fléttum, sveppum og mosum.

Námskeið í plöntu- greiningum

Eins og flóruvinir eflaust muna, var boðið upp á námskeið í plöntugreiningum síðastliðið vor. Þátttaka var hins vegar ekki nægileg til að af námskeiðinu gæti orðið. Undir lokin bærust þó upplýsingar um 2-3 sem höfðu áhuga á að taka þátt í því. Námskeiðið var í þetta sinn aðeins auglýst meðal flóruvina, sem eru um 140 talsins.

Ekki ætlum við þó að gefa þetta upp á bátinn, og er fyrirhugað að auglýsa aftur næsta sumar námskeið með sama sniði og á svipuðum tíma. Í þetta skipti prófum við að auglýsa það fyrir almenning, en ekki aðeins flóruvini. Við auglýsum þetta nánar í næsta fréttabréfi, sem vonandi kemur út í tæka tíð fyrir vorið.

Gott væri þó að heyra sem fyrst frá þeim flóruvinum, sem hugsanlega hefðu áhuga á þessu námskeiði, þótt þátttaka sé ekki ákveðin. Eins mætti gjarnan koma fram álit ykkar á fyrirkomulagi námskeiðsins, tímavali og fleira sem því viðkemur. Látið aðra einnig vita um þennan möguleika, sem þið teljið hugsanlega hafa áhuga á þessu efni. Markmiðið er fyrst og fremst að stuðla að aukinni þekkingu almennings á íslenzku flórunni.

Ómerkt spjöld.

Í því spjaldasafni, sem borizt hefur frá flóruvinum, eru tvö spjöld þar sem vantar nafn skrásetjara. Við getum ekki sett inn í gagnagrunninn upplýsingar, sem enginn er skráður fyrir, því við þurfum alltaf að geta rakið uppruna heimildanna.

Annars vegar voru spjöld merkt á Fitjum og Stapa á Vatnsleysuströnd, og við Þorbjörn í Grindavík. Þessi spjöld komu á faxi og voru ólæsileg, og því væri ég þakklátur ef viðkomandi sem þetta sér, sendir spjöldin aftur með nafni.

Hins vegar var spjald merkt við Litla Fossvatn, Veidivötnum. Upplýsingarnar eru skýrar, en nafn skrásetjara vantar.

Búsvæði plantna

Þegar við erum að greina plöntur, þá er landið sem þær vaxa í eitt af mikilvægum einkennum plöntunnar. Það er mun erfiðara að greina plöntu sem hefur verið slitin úr tengslum við umhverfi sitt, heldur en plöntu sem enn vex á sínum stað, og hægt er að ganga úr skugga um öll einkenni landsins sem hún vex í. Þess vegna skiptir öllu þegar menn læra að þekkja plöntur, að læra einnig á staðhættina sem þær vaxa við. Af því leiðir að plöntugreiningar verða ekki kenndar svo vel sé, nema á víðavangi.

Þessi einkenni, vaxtarstaðirnir og vaxtar-skilyrðin eru stundum nefnd búsvæði plöntunnar. Í ákveðið búsvæði raða sér venjulega ákveðnar plöntur eða ákveðin dýr sem sum geta verið meira eða minna bundin þeim. Aðrar tegundir geta verið fjölhæfari og vaxið jöfnum höndum í margs konar búsvæðum.

Á Náttúrufræðistofnun hafa nýlega verið gerðar nokkrar tilraunir með skilgreiningu mismunandi búsvæðagerða. Slík skilgreining er ýmsum vandkvæðum bundin, enda eru búsvæði ekki alltaf neinar ápreifanlegar, skýrar einingar sem auðvelt er að skilja í sundur. Þættir sem afmarka þau eru venjulega stigvaxandi frá einum stað til annars, svo þau renna oft saman án skýrra marka. Á sama hátt eru nafngiftir þeirra á móðurmáli okkar nokkuð á reiki. Hér á eftir ætla ég að gera grein fyrir nokkrum dæmum um búsvæði plantna, og gera stutta grein fyrir þeim plöntum sem fylgja þeim.

Flög. Í móum eru oft áberandi blettir af ýmsum stærðum, þar sem moldin virðist nær ber og án samfelldrar gróðurþekju. Venjulega koma þau fram þar sem raki er nokkur, og oft er holklaki nokkur í þeim, sem trúlega hjálpar til að viðhalda þeim opnum. Í þessum flögum vaxa nær ætíð ákveðnar tegundir plantna sem fylgjast að, og sumar vaxa tæplega við önnur skilyrði. Helztar þeirra eru *flagahnoðri* (meyjarauga), *blómsef*, *flagasef*, *naflagras* og *hnúskakrækill*. Ef þau eru nógu blaut eru þar einnig *mýrasef* og *mýrasauðlaukur*. Síðan geta komið fram fleiri einkennistegundir eftir því hvar á landinu

flögin eru. Á Suðurlandi má vænta þess að í þeim vaxi *skurfa* eða jafnvel *lamba-klukka*, til fjalla má eiga von á *snækrækli* eða *móanóru* í þeim, og í Eyjafirði vex *maríulykill* oft í ákveðinni gerð þessara flaga, en á Austurlandi *dökkasef*. Auk þessara sérhæfu flagategunda, finnast svo ýmsar algengari plöntur innan um, sem vaxa í öllum gróðurlendum, eins og t.d. *kornsúra* og *blávingull*. er þar oft líka, einkum á Suðurlandi

Oft myndast tímabundin flög, þar sem rask hefur orðið vegna mannvirkjagerðar, t.d. meðfram vegum. Þar sem nægur jarðraki er, nemur flagagróður oft land á slíkum stöðum á fáum árum, en vikur svo síðar fyrir þéttari gróðurþekju.

Rakar klettasyllur. Þar sem jarðvegur er grunnur og blautur en klöpp undir, myndast oft ákveðin gróðursamfélög með lágvöxnum deiglendistegundum sem sumar finnast lítið við önnur skilyrði. Þessi samfélög geta myndast á láréttum klettastöllum, yfir klöppum, á lækjarbökkum, eða mýri með grunnum jarðvegi. Sumar einkennistegundir þessa samfélags eru lítið í venjulegum mýrum. Helstu plöntur sem einkenna þessi svæði eru *mýraskúfur*, *broddastör*, *sérbylisstör*, og oft *hárleggjastör*. Sums staðar á Austurlandi og Vesturlandi geta fylgt þessum gróðurlendum fágætari tegundir eins og *hagastör*.

Sjávarfitjar. Þar sem svo hagar til, að sjór flæðir við stórstreymi inn á gróið land, myndast sérstök samfélög margra tegunda, sem alls ekki vaxa við önnur skilyrði. Því eru þær algjörlega háðar þessu búsvæði, og röskun slíkra búsvæða getur skert verulega tilvist þeirra. Við venjulega strandlengju myndast að jafnaði fjara, eða sjávarklettur ef brattara er, en óviða sjávarfitjar svo nokkru nemi. Þær er helst að finna við árósa í vikum eða fjarðarbotnum.

Einkennistegundir sjávarfitjanna raða sér oft niður eftir hæð landsins miðað við flóðhæð sjávar.

Meðal algengari jurta á sjávarfitjum eru *flæðastör*, *marstör*, *skriðstör*, *lágafri* og *skeljamura* allt tegundir sem einungis koma fyrir á sjávarfitjum. Marstörin er í samfelldum breiðum á stórum svæðum, einkum þar sem flæðimýrar með *gulstör*

eru ofan fitjanna. *Skriðstörin* sezt að í dældum þar sem sjór stendur eftir þegar fjarað hefur út eftir flóð. Lágafri og skeljamura eru fremur neðarlega á fitjunum, oft rétt ofan við flæðastörina. *Sjávarfitjungur* er oft í þéttum breiðum á sjávarfitjum, einkum sunnanlands, en hann vex einnig í klettum sem sjór gengur yfir og í sandi og mól á fjörum. Sumar þessara tegunda, eins og *lágafri* og *sjávarfitjungur* vaxa oft hærra yfir sjávarmáli þar sem stórsjór gengur oft yfir, eins og t.d. á Eyjarfæti nyrzt í Grimsey.

Heigulstör vex oft á þurrari bökkum við sjávarfitjar, og kemur einnig fyrir ofan við fitjarnar, stundum á árbökkum nokkuð frá sjó. Á svipuðum bökkum í nágrenni sjávarfitja eru oft stórvaxinn *strandsauðlaukur*, og hinn skrautlegi *engjavöndur*.

Í lönnum eða á leirflæðum við sjávarfitjar vex oft *flæðalófótur*, og einnig í vatnslænum sem sjór flæðir inn í þegar há-sjávað er. Þessar vatnslænur eru oft einnig heimkynni *hnotsörvis*. Af þessu sjáum við að það eru æði margar tegundir sem tengjast sjávarfitjunum tryggum böndum.

Auk hinna eiginlegu sjávarfitjategunda sem nú hafa verið taldar, eru ýmsar aðrar seltuþolnar tegundir algengar á sjávarfitjum, sem ekki eru bundnar þeim og vaxa einnig lengra inni í landi. Í þeim hópi eru til dæmis *kattartunga* og *skriðlíngrasi*.

Jarðhitasvæði. Þar sem hiti er í jörðu, eða hitauppreymi í formi gufu, skapast oft sérstakt umhverfi, sem margar tegundir kunna að nýta sér, og sumar eru háðar slíku umhverfi. Ekki bjóða nærri öll jarðhitasvæði upp á vaxtarskilyrði fyrir gróður. Viða er hitinn allt of mikill, eða jarðvegur þannig samsettur að ekki hentur plöntum. Það eru í raun fremur fá jarðhitasvæði, sem bjóða upp á góðar aðstæður fyrir jarðhitagróður. Því eiga plöntur sem bundnar eru jarðhita oft mjög í vök að verjast, vegna þess hversu takmörkuð þau svæði eru sem henta þeim. Einnig getur verið veruleg hætta á raski við jarðhitasvæði, vegna framkvæmda við nýtingu eða virkjun jarðhitans. Gróðursæl jarðhitasvæði eru meðal annars í Jarðbaðshólum í Mývatnssveit, við suðausturhorn Öskjuvatns, og í

Hveragerði. Þessi svæði eru öll nokkuð hvert með sínu móti.

Af tegundum sem bundnar eru jarðhita má nefna *naðurtungu*, *vatnsnafla*, *laugadeplu* og *grámyglu*. *Naðurtungan* er á öllum þrem svæðunum sem áður voru nefnd. Hún vex oft við gufuaugu, eða í volgum jarðvegi, stundum í bökkum volgra lækja. *Laugadeplan* vex aðeins við laugar á Suður- og Suðvesturlandi, t.d. mikið ofan við Hveragerði í Hengladal og víðar. *Vatnsnafli* fylgir oft gróðurhúsarækt, og er mikið í volgum skurðum t.d. við Deildartungu og Kleppsjárnsreyki í Borgarfirði, en einnig á Suðurlandi, og grámyglan er á sömu svæðum..

Aðrar tegundir, sem sækja gjarnan inn á jarðhitasvæði án þess að vera bundnar þeim, eru *græðisúra*, *blákolla*, og *laugabrúða*. *Blöðberg* fer mikið inn á jarðhitasvæðið í Jarðbaðshólum, og blómstrar þar mikið snemma á vorin.

Sumar suðlægar og hitakærar tegundir vaxa eingöngu við jarðhita á norðlægum slóðum, þótt þær séu óháðar honum á heimaslóðum. Þannig vaxa *blákolla* og *klappadúnurt* eingöngu við jarðhita í Jarðbaðshólum og víðar á Norðurlandi, þótt báðar séu algengar utan jarðhita á Suður- og Vesturlandi. Einnig er *þríhyrnuburkni* í Mývatnssveit bundinn við hraungjótur þar sem volgar gufur stiga upp, þótt annar hiti sé ekki í jarðveginum.

Tjarnir og stöðuvötn. Á botni tjarna er sérhæft búsvæði, sem ekki hentar venjulegum plöntum. Allmargar tegundir íslenzku flórunnar hafa sérhæft sig að þessu búsvæði. Þær raða sér skipulega niður bæði eftir dýpi og botngerð. Útbreiddustu vatnaplönturnar eru líklega *þráðnykra*, *lónasóley* og *flagasóley* (*liðaskriðsóley*). Þær vaxa allar mikið í grunnum tjörnum með leirkenndum eða sendnum botni. Þær eru allar fljótar að nema land í nýjum tjörnum, og fara meira inn á hálendið en aðrar vatnaplöntur. *Flagasóleyjan* skriður um botninn með sínum rótskeyttu renglum, svo hann virðist sem útsaumaður langar leiðir. Í grunnum

tjörnum vaxa einnig oft *vatnslíðagras* og *mógrafabrúsi*, en blöð þeirra eru graskennd og fljóta í vatnsyfirborðinu. Einnig *grasnykra* og *fjallnykra*, sem báðar hafa breiðari blöð. Allar þessar tegundir koma einnig oft fyrir í vogum stærri stöðuvatna.

Í djúpum tjörnum og á meira dýpi í stöðuvötnum vaxa stærri nykrur eins og *hjartanykra*, *blöðkunykra* og *langnykra*. *Hjartanykran* er nokkuð hitakær, og sækir í þann hluta vatna þar sem jarðhita gætir, en *langnykran* vex á mestu dýpi, oft 2 metra dýpi eða meira. *Blöðkunykran* er mest áberandi af þessum tegundum, því flotblöð hennar eru stór og mynda oft samfellda, lokaða þekju á yfirborði vatna þegar líður á sumarið.

Síkjamari og *vatnamari* vaxa einnig oft á nokkru dýpi, einkum sá síðarnefndi. Þeir hafa stutt og þráðkennd blöð, en mynda stundum miklar flækjur í vötnum sem geta verið til trafala fyrir bátaumferð.

Enn eru ýmsar minni vatnajurtir ótaldar eins og *efjugras* og *alurt* sem vaxa og blómstra í flæðarmáli vatna eða eru jafnvel á flæðum sem koma upp úr síðsumars.

Tveir byrkningar eru einnig bundnir þessum búsvæðum, en það eru *álftalaukur* og *vatnalaukur*. Blöð þeirra eru eins og toppur af stinnum stráum, vaxa ætíð á kafi þar sem leirbotn er og gjarnan aðdjúpt. *Tjarnalaukur* er blómplanta sem minnir á álftalauk í útliti, en myndar fagurgrænar breiður á vatnsbotninum.

Óneitanlega er nokkuð meiri fyrirhöfn að skoða þennan vatnagróður, en plöntur sem vaxa á þurru landi. Menn geta þurft að vaða út í vötn og tjarnir til að ná sýnum til greiningar, eða nota bát og kraka upp sýni af botninum. En oft er líka hægt að komast nokkuð áleiðis með því að kanna hvar rekinn úr stærri vötnum berst á land og skoða hann. Þar má oft fá sýni af botngróðrinum.

Enn eru ýmis búsvæði ótalin, og verður þeim hugsanlega gerð skil síðar.

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Hafnarstræti 97 Pósthólf 180 602 Akureyri Sími 462 2983 Bréfasími 461 1296
Hlemmi 3 Pósthólf 5320 125 Reykjavík Sími 562 9822 Bréfasími 562 0815